

## REGLUR

### Hafnarfjarðarkaupstaðar um sérstakan húsnæðisstuðning.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Skilgreining og markmið.*

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa og þungrar framfærslubyrðar. Ekki er greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur í félagslegu húsnæði Hafnarfjarðarkaupstaðar.

#### II. KAFLI

##### Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings.

###### 2. gr.

###### *Umsókn.*

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnuálastofnun, skattayfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

###### 3. gr.

###### *Skilyrði fyrir samþykki umsókna.*

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær greiddan sérstakan húsnæðisstuðning:

1. Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skal hafa verið staðreyndur.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Hafnarfirði.
3. Leiguhúsnæði skal vera í Hafnarfirði nema um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára börn, sbr. 7. gr. reglna þessara.
4. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári fyrir umsókn séu ekki hærri en 5.126.000 kr.

#### III. KAFLI

##### Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings.

###### 4. gr.

###### *Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings.*

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. í húsnæðisbætur fær leigjandi greiddar 700 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 4. gr.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 82.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði. Ekki er greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum er 50.000 kr. eða lægri.

Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

#### 5. gr.

##### *Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings.*

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksánaðar og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksánaðar eða hluta úr almanaks mánuði, hefjst leigutími síðar en fyrsta dag almanaksánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

#### 6. gr.

##### *Frestun greiðslna.*

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá Vinnumálastofnun skal Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá Vinnumálastofnun. Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

Í framangreindum tilfellum skal Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

### IV. KAFLI

#### **Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna.**

#### 7. gr.

##### *Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna.*

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 60% af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3. og 4. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

## V. KAFLI

**Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar.**

## 8. gr.

*Endurnýjun umsóknar.*

Til þess að viðhalda gildi umsókna þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg. Við endurnýjun umsóknar skal kanna hvort skilyrðum 3. gr. reglna þessara sé fullnægt.

## 9. gr.

*Breytingar á aðstæðum umsækjanda.*

Umsækjandi skal upplýsa Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

## 10. gr.

*Endurskoðun.*

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 3. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna, sbr. 13. gr. reglna þessara.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð, m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilismanna, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

Leiði endurreikningur samkvæmt 2. og 3. mgr. til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 11. gr. reglna þessara.

## 11. gr.

*Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi.*

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærrí en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærrí fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber fjölskylduþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

## 12. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar endurkrafíð umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Leiði athugun í ljós að umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning hafi fengið greidda hærrí fjárhæð en hann átti rétt á samkvæmt reglum þessum ber umsækjanda að endurgreiða þann mismun. Þá er Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá sérstökum húsnæðisstuðningi sem umsækjandi kann síðar að eiga rétt á.

Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærrí fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

VI. KAFLI  
**Málsmeðferð.**

## 13. gr.

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

## 14. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

## 15. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafí starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## 16. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

## 17. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Starfsmenn fjölskylduþjónustu taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Hafnarfjarðar.

Heimilt er að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir s.s. ef um er að ræða sérstaklega þunga framfærsluþyrði eða aðrar félagslegar aðstæður sem leitt geta til þess að þörf fyrir stuðning sé meiri en hlutlæg viðmið gefa til kynna. Hægt er að óska eftir viðtali hjá félagsráðgjafa sem metur félagslegar aðstæður umsækjanda. Tekin er ákvörðun á teymisfundi starfsmanna fjölskylduþjónustu um undanþágu frá reglunum. Fara þarf fram á undanþágu innan fjögurra vikna frá því að notanda barst vitneskja um ákvörðun.

## 18. gr.

*Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

19. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs Hafnarfjarðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun fjölskylduráðs.

20. gr.

*Gildistaka.*

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og falla þá jafnframt úr gildi reglur sama efnis nr. 85/2017.

Samþykkt í fjölskylduráði Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. maí 2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 24. maí 2017.

*Hafnarfirði, 17. október 2017.*

**Rannveig Einarsdóttir,**  
sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.